



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B.t. Hildar Njarðvík nefndarritara

Reykjavík, hinn 27. nóvember 2002


Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti (347. mál)

Vísað er til bréfs yðar, dags. 21. nóvember 2002, varðandi umsögn um 347. mál, frumvarp til laga um verðbréfavíðskipti en bréfið barst Bandalagi háskólamanna (BHM) í gær, 26. september sl. Frestur er veittur til umsagnar til 2. desember nk., þ.e. til næsta mánudags. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

BHM telur afar gagnrýnisvert að gefa 4ra virkra vinnudaga frest til þess að gefa umsögn um þingmál – einkum þegar um er að ræða efnismikið mál eins og í þessu tilviki og reyndar ný heildarlög eins og hér er til umsagnar og það um flókið svið eins og hér um ræðir.

Þetta telur BHM enn ámælisverðara í ljósi þess að í nefnd viðskiptaráðherra sem samdi frumvarpið sátu aðeins lögfræðingar frá stjórnvöldum, eftirlitsaðilum og hagsmunaaðilum öðrum megin borðsins. Sama virðist unnt að segja um þá sem störfuðu með nefndinni þar sem einn viðskiptafræðingur er á meðal 3ja lögfræðinga til viðbótar. Enginn fulltrúi samtaka neytenda eða launafólks kom að undirbúningi málsins sem virðist hafa staðið í um hálf tannað ár og er það að mati BHM ámælisvert í ljósi þess sem fram kemur í upphafi almennra athugasemda með frumvarpinu í greinargerð með því að frumvarpið á að taka á hegðunareglum (en ekki stofnanapætti sem kann að skipta neytendum minna máli). Ekki virðist heldur hafa verið gefinn kostur á því að lífeyrissjóðir undir sameiginlegri stjórn samtaka launafólks og vinnuveitenda tilnefndu fulltrúa í nefndina en þeir eru mikilvægustu stofnanafjárfestar landsins.

Enda þótt fullt tilefni kunni að hafa verið til leiðir af framansögðu að ekki er færi á að fjalla um *efnisreglur* frumvarpsins af hálfu BHM á svo skömmum tíma en stjórn BHM fundar að jafnaði hálfsmánaðarlega og miðstjórn BHM mánaðarlega.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.

Gísli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.

Afrit:
ASÍ.
BSRB.
KÍ.
Neytendasamtökin.